

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Ekknasjóð bakarameistara“, útgefin 57
á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. marz 1950.

14. marz

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ekknasjóð bakarameistara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Ekknasjóður bakarameistara.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af meðlimum Bakarameistarafélags Reykjavíkur með frjálsum framlögum og er nú að upphæð kr. 29000.00 — tuttugu og níu þúsund kr.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja eftirlifandi konur og börn látinna meðlima Bakarameistarafélags Reykjavíkur, og eiga allar konur jafnan rétt til styrksins, án tillits til efnahags.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum úr Bakarameistarafélagi Reykjavíkur. Skal formaður bakarameistarafélagsins á hverjum tíma jafnframt vera sjálfkjörinn formaður sjóðstjórnarinnar, en tveir meðstjórnendur skulu kosnir á aðalfundi bakarameistarafélagsins til eins árs í senn.

5. gr.

Sjóðurinn skal geymdur í vörzlu stjórnar hans, og skal hann ávaxtast í tryggum verðbréfum, sparisjóðum, eða bönkum eða öðrum jafntryggum stöðum eftir því sem arðvænlegast þykir.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir, gjafir eða aðrar þær tekjur, sem sjóðnum áskotnast. Enn fremur skulu 15% af félagsgjöldum meðlima Bakarameistarafélags Reykjavíkur renna til sjóðsins, auk alls inntökugjalds nýrra meðlima í félagið.

7. gr.

Sjóðstjórnin ræður styrkveitingum úr sjóðnum samkv. skipulagsskrá þessari. Má fyrst um sinn verja allt að hálfum árstekjum sjóðsins til úthlutunar. Skal afgangurinn leggjast við höfuðstól hans, en hann er óheimilt að skerða. Heimilt skal sjóðstjórninni, að fengnu samþykki aðalfundar bakarameistarafélagsins, að ákveða hærri árlega styrkveitingu en að framan getur.

8. gr.

Fjárveitingar úr sjóðnum fara fram í desembermánuði. Þó getur stjórn hans ákveðið annað, ef það þykir henta betur.

9. gr.

Sjóðstjórninni ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa inn í hana skipulagsskrá þessa og annað það, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Ber henni enn fremur að bóka þar eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa inn í ársreikning

- 57 sjóðsins, sem síðan skulu lagðir fram á aðalfundi Bakarameistarafélags Reykjavíkur,
14. marz endurskoðaðir af tveim hæfum mönnum, sem kosnir hafa verið til þess á fundi Bakarameistarafélagsins.

10. gr.

Leitað skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari og óskast hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

58

18. marz

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt nr. 184 23. október 1945 og samþykkt nr. 35 2. marz 1943, um breyting á samþykkt nr. 44 16. maí 1934, um sýsluvegasjóð í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

16. tölul. 1. gr. samþykktar nr. 35 2. marz 1943 orðist svo:
Hjaltadalsvegur úr Kjarvalsstaðanesi vestan Hjaltadalsár gegnt Laufskálaholti að Reykjum.

2. gr.

1. gr. samþykktar nr. 184 23. október 1945, er úr gildi numin.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, samkv. lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 18. marz 1950.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

59

21. marz

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu í Sandgerði.

1. gr.

Hreppsnefnd Miðneshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar í Sandgerði.

2. gr.

Öll framkvæmdarstörf er vatnsveituna varða, annast vatnsveitunefnd í samráði við hreppsnefnd.

Vatnsveitunefnd annast um viðhald vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla.

Hreppsnefnd er heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hefur eftirlit með veitukerfinu og annast önnur störf í þágu vatnsveitunnar, er henta þykir.